



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 3. október 2018

SFS2018090146

145. fundur

HG/res

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi ráðningu í stöðu ráðgjafa foreldra og skóla

Á 144. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. september 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum vegna ráðningar í stöðu ráðgjafa foreldra og skóla. Var starfið auglýst? Hversu margir sóttu um? Hvaða kröfur voru gerðar til umsækjenda?

Svar:

Staðan var auglýst 16. júlí 2018 með umsóknarfresti til 29. júlí 2018. Þá sótti enginn um stöðuna. Því var auglýst aftur 3. ágúst 2018 með umsóknarfresti til 17. ágúst 2018. Þá sóttu sjö umsækjendur um stöðuna.

Hæfniskröfur í stöðuna samkvæmt auglýsingu voru:

- Kennaramenntun eða önnur uppeldismenntun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Hæfni og reynsla í sáttamiðlun.
- Yfirgripsmikil þekking á starfsemi grunnskóla og sértækri þjónustu við börn og unglunga.
- Reynsla af vinnu með börnum og fjölskyldum í flóknum aðstæðum.
- Stjórnunarreynsla á sviði uppeldis og menntunar æskileg.
- Frumkvæði í starfi, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.